

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á fiskiskipum.

Flm.: Sigfús Sigurhjártarson, Steingrímur Aðalsteinsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust athuga, hvort ekki muni mögulegt að semja um smíði og kaup fiskiskipa í Svíþjóð eða annars staðar þar, sem sennilegt má telja, að slíkir möguleikar séu fyrir hendi. Leiði athugun þessi í ljós, að mögulegt sé að semja um smíði eða kaup skipa, er henta íslenzka fiskiflotanum, heimilast ríkisstjórninni að fengnu samþykki 5 manna nefndar, er sameinað Alþingi kýs, að gera slíka samninga og verja fé úr ríkissjóði eða taka fé að láni vegna skipakaupanna. Skipin skal ríkisstjórnin bjóða til kaups á íslenskum markaði með kostnaðarverði. Að öðru leyti fer um sölu þeirra og ráðstöfun eftir regluna, er Alþingi setur.

Enn fremur láti ríkisstjórnin athuga möguleika á að fá flutt til landsins efni til fiskiskipasmíða í stórum stíl og greiði fyrir innflutningi þess.

G r e i n a r g e r ð .

Síðustu tíu árin fyrir heimsstyrjöldina voru 90—95% af útflutningsverðmætum Íslendinga sjávarafurðir. Árið 1941 var heildarverðmæti útflutningsins 188504300 kr., þar af verðmæti sjávarafurða um 180 milljónir kr. Árið 1942 nam heildarútflutningurinn 200432000 kr., þar af verðmæti sjávarafurða um 192 millj. Þessar tölur ættu að nægja til að benda á þá alkunna staðreynd, að afkoma þjóðarinnar hefur um langt skeið verið og er enn fyrst og fremst háð fiskveiðunum. Engar líkur eru til, að á þessu

verði breyting í fyrirsjáanlegri framtíð. Verði framleiðsluhættir og viðskipti þjóðanna skipulögð eftir stríð á þeim grundvelli, að hver þjóð fái ákveðin verkefni að vinna innan framleiðslu- og viðskiptaheildar, þar sem framleiðsla og viðskipti eru miðuð við notaparfir, er ekki efa bundið, að hlutverk okkar Íslendinga verður að framleiða fisk og fiskafurðir fyrir ýmsar Evrópuþjóðir, og mjög verður að teljast óvíst, að talin verði þörf fyrir aðrar framleiðsluvörur vorar á erlendum markaði. Flestir munu vona, að slík skipulagning framleiðslu og viðskipta komist á, en hvort sem svo fer eða ekki, þá er víst, að afkoma þjóðarinnar er fyrst og fremst undir því komin, að sjávarútvegurinn eflist og blómgist.

Ef lítið er á ástand fiskiflotans, kemur í ljós, að meginhluti hinna mikilvirkustu fiskiskipa er svo gamall og úreltur, að heita má, að þau séu ekki sjófær, og sem fiskiskip eru þau alls ekki samkeppnistær við skip, sem smíðuð eru og útbúin samkvæmt nútíma kröfum. Samkvæmt yfirliti um aldur íslenskra fiskiskipa, sem birtist í sjómannablaðinu Víkingi í ágúst 1942, voru þá 25 íslenskir togarar af 31 eldri en 20 ára, en fróðir menn telja, að hámarksaldur togara ætti ekki að vera yfir 20 ár (sbr. fskj. I).

Enn alvarlegri verður þó sú mynd, sem blasir við af ástandi fiskiflotans, þegar athugaður er aldur hans horið saman við rúmlestafjölda. Samkv. skýrslu, sem Fiskifélag Íslands hefur látið gera, eru 66,2% af rúmlestatölu fiskiflotans eldri en 20 ára (sbr. fskj. II).

Af þessu yfirliti ætti öllum að vera ljóst, að það er þjóðarnauðsyn að endurnýja fiskiflotann eins fljótt og mögulegt er.

Á stríðsárunum hafa 6 íslenskir togarar farizt og engir nýir komið í þeirra stað. Rúmlestamál fiskiflotans hefur af þessum sökum verið nær óbreytt síðan 1939 þrátt fyrir allverulega aukningu hinna smærri skipa (sbr. fskj. III).

Þetta yfirlit sýnir, að það er þjóðarnauðsyn að fylla í þau skörð, sem höggvin hafa verið í fiskiflotann, síðan stríðið hófst. En hvorki það að endurnýja flotann né að fylla í þau skörð, sem höggvin hafa verið á stríðsárunum, er fullnægjandi, heldur þarf á næstu árum að auka hann stórlega frá því, sem hann hefur verið stærstur. Þetta er svo aðkallandi, að óverjandi er að láta nokkurt tækifæri ónotað, sem til úrbóta gæti horft í þessu efni, og þykir því rétt að fela hv. ríkisstjórn að láta nú þegar fara fram athugun á, hvort ekki muni kleift að semja nú þegar um smíði eða kaup fiskiskipa, og kemur Svipþjóð einkum til álita í því sambandi. Ekki þykir treystandi á, að einstaklingar hafi aðstöðu eða vilja til að athuga og nota alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera á eflingu fiskiflotans, meðal annars af því, að milliríkja- viðskipti eru, eins og nú standa sakir, háð afskiptum opinberra stjórnarvalda. Að sjálfsögðu getur framkvæmd þessarar tillögu leitt til verulegra fjárútláta, og er því lagt til, að þingkjörin nefnd, þar sem allir flokkar eigi fulltrúa, verði að samþykkja þá samninga, sem gerðir kunna að verða um skipakaup, og mundu nefndarmenn að sjálfsögðu tryggja sér samþykki þeirra flokka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, áður en þeir tækju afstöðu til slíkra ráðstafana, og yrði þannig tryggður þingvilji að baki þessari ráðstöfun. Ekki er rétt að svo stöddu að gera ákveðnar tillögur um sölu skipanna fremur en í tillögunni greinir. Eðlilegt verður að telja, að bæjar- og sveitarfélög og félög fiskimanna hefðu forkaupsrétt að skipum þessum. Aðalatriðið er það þó ekki, heldur hitt, að fiskiflotanum bætist ný og góð skip. Alþingi getur síðar tekið ákvörðun um þetta efni, ef þurfa þykir.

Fylgiskjal I.

Aldur íslenskra skipa.

Aldur togaranna:

Geir	smíðaður 1912 er nú 30 ára gamall
Hilmir	1913 --- 29 ---
Gylfi	1915 --- 27 ---
Rán	1915 --- 27 ---

Sindri	smíðaður	1915	er nú	27	ára	gamall
Þorfinnur	---	1915	---	27	---	---
Belgaum	---	1916	---	26	---	---
Egill Skalla-Grimsson	---	1916	---	26	---	---
Arinbjörn hersir	---	1917	---	25	---	---
Hafstein	---	1917	---	25	---	---
Max Pemberton	---	1917	---	25	---	---
Karlsefni	---	1918	---	24	---	---
Skutull	---	1919	---	23	---	---
Haukanes	---	1920	---	22	---	---
Helgafell	---	1920	---	22	---	---
Júni	---	1920	---	22	---	---
Maí	---	1920	---	22	---	---
Skalla-Grimur	---	1920	---	22	---	---
Surprise	---	1920	---	22	---	---
Tryggvi gamli	---	1920	---	22	---	---
Þórólfur	---	1920	---	22	---	---
Kári	---	1920	---	22	---	---
Óli Garða	---	1921	---	21	---	---
Snorri goði	---	1921	---	21	---	---
Vörður	---	1921	---	21	---	---
Júpíter	---	1925	---	17	---	---
Gyllir	---	1926	---	16	---	---
Gulltoppur	---	1928	---	14	---	---

Garðar	smíðaður	1930	er nú	12	ára	gamall
Venus	---	1930	---	12	---	---
Jón Ólafsson	---	1933	---	9	---	---

Aldur línuveiða-gufuskipa:

Hermóður	smíðaður	1891	er nú	51	árs	gamall
Rífsnes	---	1891	---	51	---	---
Sverrir	---	1895	---	47	---	---
Freyja	---	1901	---	41	---	---
Bjarnarey	---	1902	---	40	---	---
Ísleifur	---	1902	---	40	---	---
Málmey	---	1902	---	40	---	---
Ólaf	---	1902	---	40	---	---
Sæborg	---	1902	---	40	---	---
Sæfari	---	1902	---	40	---	---
Jökull	---	1904	---	38	---	---
Alden	---	1907	---	35	---	---
Ármann	---	1907	---	35	---	---
Huginn	---	1907	---	35	---	---
Bjarki	---	1911	---	31	---	---
Rúna	---	1913	---	29	---	---
Ólafur Bjarnason	---	1914	---	28	---	---
Sigríður	---	1919	---	23	---	---
Fjölnir	---	1922	---	20	---	---

Mótorskip yfir 100 smálestir (fiskiskip):

Súlan	smíðuð	1902	er nú	40	ára	gömul
Dagný	---	1904	---	38	---	---
Dóra	---	1913	---	29	---	---

Sæfinnur smíðaður	1915	er nú	27	ára	gamall
Þormóður	1919	---	23	---	---
Hamona	1922	---	20	---	---
Reykjanes	1922	---	20	---	---
Búðarklettur	1923	---	19	---	---
Gunnvör	1925	---	17	---	---
Eldborg	1932	---	10	---	---
Þórður Sveinsson	1938	---	4	---	---

Mótorskip undir 100 smálestir:

2 bátar smíðaðir	1874	eða	68	ára	gamlir
1 bátur smíðaður	1875	---	67	---	gamall
1	---	1878	---	64	---	---
1	---	1880	---	62	---	---
4	---	1883	---	59	---	---
1	---	1884	---	58	---	---
2	---	1886	---	56	---	---
1	---	1887	---	55	---	---
1	---	1888	---	54	---	---
3	---	1889	---	53	---	---
1	---	1892	---	50	---	---
1	---	1893	---	49	---	---
3	---	1894	---	48	---	---

eða 22 bátar á aldrinum frá 48 til 68 ára gamlir. Þó ber þess að geta, að nokkrir þeirra hafa verið endurbættir að einhverju leyti.

1 bátur smíðaður	1902	eða	40	ára	gamall
2 bátar smíðaðir	1903	---	39	---	gamlir
3	---	1904	---	38	---	---
3	---	1905	---	37	---	---
4	---	1906	---	36	---	---
13	---	1907	---	35	---	---
11	---	1908	---	34	---	---
2	---	1909	---	33	---	---
2	---	1910	---	32	---	---
3	---	1911	---	31	---	---
15	---	1912	---	30	---	---

eða 59 bátar á aldrinum frá 30 til 40 ára gamlir.

13 bátar smíðaðir	1913	eða	29	ára	gamlir
12	---	1914	---	28	---	---
20	---	1915	---	27	---	---
40	---	1916	---	26	---	---
22	---	1917	---	25	---	---
12	---	1918	---	24	---	---
15	---	1919	---	23	---	---
17	---	1920	---	22	---	---
5	---	1921	---	21	---	---
8	---	1922	---	20	---	---

eða 164 bátar á aldrinum 20 til 30 ára gamlir.

10 bátar	smíðaðir	1923	eða	19	ára	gamlir
8	—	1924	—	18	—	—
27	—	1925	—	17	—	—
8	—	1926	—	16	—	—
7	—	1927	—	15	—	—
17	—	1928	—	14	—	—
38	—	1929	—	13	—	—
29	—	1930	—	12	—	—
16	—	1931	—	11	—	—
3	—	1932	—	10	—	—

eða 163 bátar á aldrinum 10 til 20 ára.

8 bátar	smíðaðir	1933	eða	9	ára	gamlir
29	—	1934	—	8	—	—
22	—	1935	—	7	—	—
4	—	1936	—	6	—	—
7	—	1937	—	5	—	—

eða 70 bátar á aldrinum frá 5 til 10 ára gamlir.

11 bátar	smíðaðir	1938	eða	4	ára	gamlir
16	—	1939	—	3	—	—
6	—	1940	—	2	—	—
1	—	1941	—	1	—	—

eða aðeins 34 bátar innan við 5 ára aldur.

Samkvæmt sjómannaalmanaki 1942. (Sjómannaþlaðið Vikingur, IV., júlí — ág. 1942.)

Fylgiskjal II.

I. Aldur fiskiskipastólsins.

Aldur	I. Togarar			II. Línugufuskip			III. Mótorskip yfir 100 rúml.		
	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu
0—4 ára ...	0	0	0	0	0	0	2	261	16,3
5—9 —	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10—14 —	3	1282	12,5	0	0	0	1	280	17,4
15—19 —	2	763	7,5	0	0	0	2	203	12,7
20—24 —	16	5178	50,6	2	272	14,2	2	274	17,1
25—29 —	9	2701	26,4	2	301	15,7	2	203	12,7
30 ára og yfir	1	309	3,0	11	1342	70,1	3	383	23,8
Samtals	31	10233	100,0	15	1915	100,0	12	1604	100,0

Aldur	IV. Mótorskip 35—100 rúmlestir			V. Mótorskip 12—35 rúmlestir			VI. mótorbátar undir 12 rúmlestum		
	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu
0—4 ára ...	7	411	8,9	38	779	16,5	10	58	4,2
5—9 —	10	594	12,9	45	888	18,8	21	153	11,1
10—14 —	11	514	11,2	50	942	19,9	36	245	17,8
15—19 —	4	195	4,1	29	527	11,1	21	164	11,9
20—24 —	8	432	9,3	28	500	10,5	15	117	8,5
25—29 —	24	1044	22,6	31	600	12,7	46	376	27,4
30 ára og yfir	24	1435	31,0	25	500	10,5	39	262	19,1
Samtals	88	4625	100,0	246	4736	100,0	188	1375	100,0

II. Aldur fiskiskipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0—4 ára	57	1509	6,2
5—9 —	76	1635	6,7
10—14 —	101	3263	13,3
15—19 —	58	1852	7,6
20—24 —	71	6773	27,6
25—29 —	114	5225	21,3
30 ára og yfir	103	4231	17,3
Samtals	580	24488	100,0

(Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.)

III. Aldur kaupskipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0—4 ára	1	1347	9,8
5—9 —	1	280	2,0
10—14 —	2	1811	13,1
15—19 —	2	1867	13,5
20—24 —	3	3637	26,4
25—29 —	1	775	5,6
30 ára og yfir	5	4080	29,6
Samtals	15	13797	100,0

IV. Aldur skipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0—4 ára	58	2856	7,5
5—9 —	77	1915	5,0
10—14 —	103	5074	13,0
15—19 —	60	3719	9,7
20—24 —	74	10410	27,3
25—29 —	115	6000	15,7
30 ára og yfir	108	8311	21,8
Samtals	595	38285	100,0

Fylgiskjal III.**Skipastóll landsins í árslok 1939.**

(Frá Hagstofu Íslands.)

	Gufuskip		Mótorskip		Samtals	
	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó
Botnvörpuskip ...	36	12408	„	„	36	12408
Önnur fiskiskip .	27	3120	552	10904	579	14024
Farþegaskip	6	8121	3	1697	9	9818
Varðskip	6	5514	3	316	9	5830
Björgunarskip ...	1	226	2	569	3	795
Dráttarskip	1	111	„	„	1	111
„	„	„	1	64	1	64
Samtals	77	29500	561	13550	638	43050

Skipastóll landsins í árslok 1942.

(Frá Hagstofu Íslands.)

	Gufuskip		Mótorskip		Samtals	
	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó
Botnvörpuskip ...	31	10435	„	„	31	10435
Önnur fiskiskip .	18	3073	558	13119	576	16192
Farþegaskip	5	6707	3	1697	8	8404
Vöruflutningaskip.	4	3996	4	804	8	4800
Varðskip	„	„	2	569	2	569
Björgunarskip ...	„	„	1	64	1	64
Dráttarskip	1	111	„	„	1	111
Samtals	59	24322	568	16253	627	40575